

# Skil á hlutafjárupplýsingum til skattyfirvalda


Skatturinn minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjárupplýsingum vegna ársins 2022. Skila skal þessum upplýsingum með **rafrænum hætti** í gegnum gagnaskilakerfi Skattsins á þjónustusíðu á [www.skattur.is](http://www.skattur.is).

Skila skal upplýsingum um **hlutafjáreign** allra hluthafa í árslok 2022, innlendra sem erlendra, sem og upplýsingum um **greiddan arð** á árinu 2022 og **staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts** af honum. Upplýsingunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2022. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

Í reit 79 skal færa greidda staðgreiðslu af **arði**.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **20. janúar 2023**.

Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil þeirra á skattframtali 2023.



The screenshot shows the Skatturinn website interface. At the top, there are navigation menus: 'Almennt', 'Framtal', 'Vefskil', and 'Samskipti'. The 'Vefskil' menu is highlighted with a red circle. Below the navigation, there are three main sections: 'Staðgreiðsla', 'Virðisaukaskattur', and 'Gagnaskil'. The 'Gagnaskil' section is highlighted with a red circle, and within it, 'Skrá upplýsingar' is also highlighted with a red circle. Other options in the 'Gagnaskil' section include 'Yfirlit', 'Lesi inn textaskrá (LS)', 'Lesi inn XML skrá', 'Skoða nafnalista', 'Skoða bifreiðalista', 'Talningar', and 'Staðgreiðslusamanburður'. Below these sections, there are three more categories: 'Gistináttaskattur', 'Ársreikningaskrá RSK', and 'Takmörkuð skattskylda'. The 'Ársreikningaskrá RSK' category has a sub-option 'Skil ársreiknings'.

**Aðgangur að gagnaskilakerfi Skattsins er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á [www.skattur.is](http://www.skattur.is) og krefst rafrænna skilríkja eða veflykils.**

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í síma **442 1000**.